



## **Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um tillögu að rammahluta aðalskipulags Fljótshéraðs 2008-2028 fyrir ferðaþjónustu- og áfangastaðinn Stuðlagil á Jökuldal.**

Samtök ferðaþjónustunnar vísa til tillögu að rammahluta aðalskipulags Fljótshéraðs 2008-2028, er fjallar um ferðaþjónustu- og áfangastaðinn Stuðlagil á Jökuldal í samræmi við 31. gr. skipulagslaga. Auglýst var eftir athugasemdum um tillöguna þann 17. okt s.l. á vef skipulagsgáttar (<https://skipulagsgatt.is/issues/738>).

### **Mikilvægt frumkvæði Múlaþings**

Samtök ferðaþjónustunnar fagna því að Múlaþing hafi lagt í þá vinnu við rammaskipulagið sem hér er fjallað um. Stuðlagil hefur á síðustu árum orðið einn þekktasti ferðamannastaður landsins og ljóst að þeirri stöðu hafa fylgt bæði áskoranir og tækifæri. Mikil þörf er á uppbyggingu á svæðinu til að áfangastaðurinn geti þróast til framtíðar sem eitt höfuð aðalaðdráttarafl Austurlands fyrir ferðamenn, til að öryggi sé tryggt, náttúra sé tilhlýðilega vernduð, saga og minjar á svæðinu haldnar í heiðri og til að samgöngubætur og önnur mannvirkjauppbygging haldist í hendur við skýra framtíðarsýn um nýtingu svæðisins.

Með rammaskipulaginu er sett fram heildræn stefna um uppbyggingu ferðaþjónustu- og áfangastaðarins við Stuðlagil á Efri-Jökuldal. Samtökin hrósa Múlaþingi sérstaklega fyrir þá framsýni sem felst í því að setja fram rammaskipulag varðandi þróun ferðaþjónustu á svæðinu, en löngu er orðið ljóst að Stuðlagil og svæðið í kring um áfangastaðinn mun verða fjölsótt af ferðamönnum til framtíðar. Með gerð rammaskipulagsins sýnir Múlaþing mikilvægt frumkvæði um að stýra þróun áfangastaðarins, atvinnuuppbyggingu og náttúruvernd á svæðinu í samhengi, með hagsmunum íbúa sveitarfélagsins að leiðarljósi.

### **Múlaþing er ferðaþjónustusveitarfélag**

Hagsmunir Múlaþings af ferðaþjónustu eru margþættir og þar má bæði líta til beinna tölulegra stærða um umsvif ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og ýmissa óáþreifanlegri gæða.

Árið 2022 komu 9,3% af heildaratvinnutekjum í Múlaþingi frá ferðaþjónustu og tæplega 13% af launþegum í Múlaþingi störfuðu við ferðaþjónustu. Þetta eru sambærileg hlutföll við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, og einnig fyllilega sambærilegt við evrópskar tölur, en um 10% allra starfa í Evrópu eru ferðaþjónustustörf. Útsvar og fasteignaskattar Múlaþings af ferðaþjónustu voru 374,8 milljónir króna árið 2022 eða 9,3% af heildarskatttekjum sveitarfélagsins (án jöfununarsjóðs). Ferðaþjónusta í Múlaþingi er því orðin alvöru atvinnugrein sem skilar íbúum fjölbreyttum atvinnutækifærum og sveitarfélaginu mikilvægum skatttekjum.<sup>1</sup>

Ekki þarf að fjölyrða hér um þá breytingu á ýmsum lífsgæðum íbúa á svæðinu sem orðið hafa síðan fyrir árið 2010, t.d. aukna möguleika á rekstri verslana og þjónustu sem íbúar nýta til jafns við

---

<sup>1</sup> <https://ferdagogn.saf.is/>

ferðamenn, og aukningu í veitingarekstri og afþreyingu. Ferðaþjónusta eykur þannig aðdráttarafli Múlapingis fyrir íbúa og atvinnufyrirtæki á ýmsan máta.

Hér er einnig nauðsynlegt að hafa í huga að Múlaping er ekki eyland þegar kemur að tekjum, atvinnuuppbyggingu, auknum lífsgæðum íbúa eða öðrum hagsmunum er tengjast ferðaþjónustu. Sveitarfélagið leikur mikilvægt hlutverk í samspili sveitarfélaga á Austurlandi varðandi þróun ferðaþjónustu á svæðinu öllu. Það sem vel er gert er í einu sveitarfélagi hefur óhjákvæmilega jákvæð áhrif á nálæg sveitarfélög sem deila ávinningi af flæði og upplifun ferðamanna um svæðið. Í rammaskipulaginu sem hér er fjallað um er sett fram skýr framtíðarsýn sem mun óhjákvæmilega ýta undir skynsamlega uppbyggingu, auka líkur á því að ferðamenn líti á Múlaping og Austurland sem vænlegan áfangastað en ekki bara viðkomustað og þannig auka styðja við aukin atvinnutækifæri og lífsgæði íbúa á svæðinu, bæði í Múlapingi og á Austurlandi í heild.

### **Fleiri gistinætur grunnþáttur í jákvæðri þróun atvinnutækifæra og lífsgæða íbúa**

SAF benda á að það er grundvallarmarkmið í ferðaþjónustustarfsemi að fá ferðamenn til að stoppa lengur á áfangastaðnum. Þetta á við hvort sem horft er á áfangastaðinn Ísland, landshlutann Austurland eða sveitarfélagið Múlaping. Ástæðan er sú að með lengri áningartíma ferðamanna og fleiri gistinóttum þeirra á hverju svæði fylgir alltaf uppbygging fleiri starfa, aukin fjárfesting í atvinnuhúsnæði og ferðaþjónustuinnviðum, bættur markaður fyrir fjárfestingu í íbúðarhúsnæði, sterkari grundvöllur fyrir fjölbreyttari atvinnustarfsemi og fleiri atvinnutækifæri fyrir fólk með fjölbreytta menntun, og betri nýting innviða og aukin lífsgæði íbúa á viðkomandi svæði.

Rammaskipulag um ferðaþjónustu- og áfangastaðinn Stuðlagil er lykilplagg til að styðja við jákvæða þróun að þessu leyti í Múlapingi og á Austurlandi öllu. Með rammaskipulaginu tekur Múlaping forystu um að þróa ferðaþjónustustarfsemi, atvinnutækifæri og fjárfestingu í tengslum við þann ferðamannastað á Austurlandi sem þegar er orðinn hvað fjölsóttastur og þekktastur og gefur þannig hvað mest tækifæri til jákvæðrar þróunar í þessa átt.

### **Um 5 milljarða aukning í neyslu á svæðinu ef 25% ferðamanna gista á Austurlandi í stað 18%**

Til að átta sig á rauntölunum í þessu samhengi er hægt að setja upp einfalt reikningsdæmi um aukna neyslu ferðamanna á svæðinu miðað við hóflega aukningu á fjölda þeirra sem ákveða að gista eina nótt á svæðinu.

Samkvæmt landamæraökönnum Ferðamálastofu segjast 30% ferðamanna hafa komið á Austurland árið 2022. Aðeins 18% ferðamanna segjast hins vegar hafa gist á Austurlandi. Ef við gerum ráð fyrir að hlutfall þeirra sem gista aukist um 7 prósentustig (úr 18% í 25%) væru það 124.100 ferðamenn sem myndu gista eina nótt á Austurlandi umfram þá sem nú segjast gera það. Athugið að hér er miðað við sama heildarfjölda ferðamanna og 2022 (1.7 milljónir), þ.e. að ekki er gert ráð fyrir fjölgun ferðamanna á svæðinu heldur aðeins að hærri hlutfall þeirra sem þegar koma þar við gisti í eina nótt á svæðinu.

Hér er gert ráð fyrir að þessir ferðamenn kaupi eina gistinótt (30.000 kr.), eina tegund afþreyingar umfram það sem þeir hefðu annars gert (7.000 kr.), einn kvöldverð (5.000 kr.), og nesti fyrir áframhaldandi ferð að morgni (1.500 kr.). Verðin hér eru miðuð við hóflega áætlaða meðalneyslu, en niðurstaðan er að neysla ferðamanna á Austurlandi eykst samtals um 5,4 milljarða króna.

### **Stuðlagil verði heildstæður áfangastaður ferðamanna í Múlapingi**

Með rammaskipulagi um áfangastaðinn Stuðlagil stígur Múlaping stórt og mikilvægt skref í þá átt að þessi þróun raungerist í sveitarfélaginu. Með rammaskipulaginu er tryggt sú framtíðarsýn

sveitarstjórnar Múlapings að byggja upp heildstæðan áfangastað við Stuðlagil, þar sem öryggi og ánægjuleg upplifun gesta eru tryggð á landsvæði sem skipar heild í móttöku ferðamanna. Í rammaskipulaginu er ekki aðeins hugsað vel fyrir móttöku ferðamanna við mikilfenglegt stuðlabergsgil Jöklu heldur horft til uppbyggingar nauðsynlegra samgönguinnviða á svæðinu, verndar náttúru og dýralífs, gönguleiða um náttúrufegurð svæðisins, merkinga og útsýnisstaða sem bæta upplifun þeirra sem sækja svæðið heim, grundvöll fyrir starfsemi sem býður upp á aðra afþreyingarkosti fyrir ferðamenn og möguleika á uppbyggingu gistingar í tengslum við áfangastaðinn. Rammaskipulagið leggur upp forsendur þess að ferðaþjónusta á svæðinu við Stuðlagil geti orðið að heils árs þjónustustarfsemi þar sem gisting og afþreyingarmöguleikar á svæðinu haldast í hendur við einstaka náttúruupplifun.

Undanfarin ár hefur mikið verið rætt um mikilvægi þess að byggja upp nýja ferðaþjónustusegla utan Suðurlands og Suðvesturlands. Samtök ferðaþjónustunnar telja að með heilðrænni nálgun rammaskipulagsins á uppbyggingu mikilvægs áfangastaðar gangi Múlaping fram með framtíðarsýn sem orðið geti öðrum sveitarfélögum fordæmi um árangursríka uppbyggingu sjálfbærrar atvinnustarfsemi í sátt við náttúru og með hagsmuni íbúa sveitarfélagsins að leiðarljósi.

### **Rammaskipulagið er mikilvægt skref í sjálfbærri þróun ferðaþjónustu í Múlapingi**

Samtök ferðaþjónustunnar fagna fram komnu rammaskipulagi um ferðaþjónustu- og áfangastaðinn Stuðlagil. Samtökin telja að rammaskipulagið setji fram skýra og jákvæða framtíðarsýn um þróun ferðaþjónustu við Stuðlagil og í sveitarfélaginu Múlapingi í heild. Það er mat samtakanna að rammaskipulagið, og sú sýn sem þar er sett fram fyrir þróun Stuðlagilssvæðisins, muni til framtíðar efla atvinnustarfsemi í Múlapingi, fjölga atvinnutækifærum og auka tekjur sveitarfélagsins. Að mati samtakanna er rammaskipulagið gott dæmi um verkefni sem vel hefur verið staðið að og að fullu í samræmi við sameiginleg markmið stjórnvalda og atvinnugreinarinnar um sjálfbæra þróun ferðaþjónustu á Íslandi til framtíðar, sem m.a. kemur fram í stefnuramma um ferðaþjónustu til 2030 – „Leiðandi í sjálfbærni“. Samtökin telja að rammaskipulagið geti reynst mikilvægt fordæmi fyrir önnur sveitarfélög sem enn eiga eftir að setja sambærilega stefnu um uppbyggingu og þróun áfangastaða á þeirra svæðum.

Virðingarfyllst,



framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Til þeirra er málið varðar

Athugasemir við tillögu að rammahluta aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir ferðaþjónustu- og áfangastaðinn Stuðlagil á Jökuldal.

Umfang og fjöldi ferðamanna er í því magni að móttaka, þjónusta, öryggi og stýring umferðar um svæðið er það viðamikil verkefni að það er ekki á færi landeigenda að standa einir undir þeim áskorunum sem þarf að mæta, hvorki fjárhagslega, framkvæmdalega né faglega.

Rammaskipulagið er forsenda þess að hægt er að vinna að uppbyggingu áfangastaðarins á farsælan hátt. Hönnun áfangastaðar er lyklatríði að vel takist til að þróa áfangastaðinn og tryggja góða upplifun og öryggi ferðamanna sem við teljum að rammaskipulagið standi fyrir.

Undirrituð unnu markvisst að því að sameina krafta landeiganda til að koma á samstarfi um heildarsvæðið og fá utanaðakomandi aðstoð við verkefnið. Lokaafurð þessarar vinnu kemur fram í inngangsorðum kynningar á rammaskipulagi þar sem tilgreint er markmiði skipulagsins sem og að vinnan sé afrakstur samstarfs landeiganda við sveitarfélagið, fyrirtæki og Austurbrú.

Við teljum að það hafi verið mikilvægur þáttur til þess að þetta samkomulag gæti raungerst að gerður var samningur þar sem hagsmunaðilar þe. landeigendur, Hákonarstaða 1-3 og 2-4, Klaustursels, Grundar og þáverandi eigandi ferðaþjónustu í Skjöldólfsstaðaskóla skuldbundu sig til þess að vinna sameiginlega að heildrænu skipulagi fyrir svæðið. Hver samningsaðila fékk greitt 500.000 krónur til að mæta kostnaði vegna funda og vinnuframlags við gerð rammaskipulags. Við viljum jafnframt ítreka þá staðreynd að samráðsferli við landeigendur var gott á undirbúningsferlinu, engin gögn send án samþykktar áður en þau voru send í formlega birtingu og auðvelt var að koma athugasemdum á framfæri.

Varðandi athugasemir vegna breytinga frá áður auglýstu rammaskipulagi vilja undirrituð koma eftirfarandi á framfæri.

Allar jarðvegsframkvæmdir svo sem námur á svo fjölmönnum ferðamannastað verður að framkvæma með hliðsjón af sjónrænum áhrifum. Nú þegar hefur orðin umtalsverð röskun á jarðvegi af völdum efnistöku á frá Hákonarstaðabrá að Eyvindará sem eru ófrágengin og skilja eftir sig sár. Þetta jarðrask er mjög áberandi séð frá veginum 923 þegar ekið er í átt að göngupalli á Grund, sem og á gönguleið ferðamanna sem er bæði áberandi og lýti í grónu landslagi sem getur haft neikvæða upplifun gesta af svæðinu.

Við gerum athugasemd við það að mögulegar göngubrýr yfir Jökul eru ekki lengur í tillögunum þar sem slík mannvirki auka möguleika á fjölbreytilegum gönguferðum um svæðinu, lengja dvöl ferðamanna og dreifa þeim betur um svæðið. Áformað göngustígakerfi sem teiknað er í rammaskipulaginu verður ekki nýtt sem skildi nema göngubrýr komi og séu jafnvel fleiri en ein. Við teljum að göngubrýr eigi að vera sem möguleiki í rammaskipulagi í samræmi við niðurstöðu þeirra vinnu sem landeigendur unnu í vinnustofu á sínum tíma þegar þetta skipulag var í undirbúningi.

Í okkar huga er mikilvægt að fylgja þeim hugmyndum sem kynntar eru í rammaskipulaginu til að ná fram heildrænni stefnu um uppbyggingu ferðaþjónustu- og áfangastaðarins við Stuðlagil á Efri-Jökuldal. Deiliskipulag jarða sem liggja að Stuðlagili verður að taka mið af rammaskipulaginu og getur ekki verið óháð heildrænni stefnu fyrir svæðið.

Virðingarfyllst, Sigvaldi H Ragnarsson og Halla Eiríksdóttir Hákonarstöðum 1. og 3.

Sveitarfélagið Múlaþing  
b/t Skipulagsfulltrúa  
Lyngási 12  
700 Egilsstöðum  
skipulagsfulltrui@mulathing.is

28.nóvember 2023  
2023-10-46/0.11.2

**Efni: Umsögn Landsnets um tillögu að rammahluta aðalskipulags vegna ferðaþjónustu og áfangastaðar við Stuðlagil**

Landsneti barst, þann 20. okt. 2023, beiðni um að veita umsögn um tillögu að rammahluta Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir Stuðlagil á Jökuldal, mál nr. 0738/2023 í Skipulagsgáttinni. Um er að ræða tillögu að aðalskipulagsbreytingu með tillögu að rammahluta. Umsagnafrestur er til 1. des. 2023.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin af staða til málefna sem snúa að því.

Landsnet hefur áður veitt umsagnir um skipulagsverkefnið á fyrri stigum þess. Landsnet telur að í auglýstri skipulagstillögu hafi verið tekið mið af fyrri ábendingum fyrirtækisins.

Í skipulagstillögunni kemur fram að samhliða skipulagsgerðinni sé unnið að deiliskipulagsgerð fyrir tiltekin svæði. Landsnet óskar þess að fá deiliskipulagstillögurnar til umsagnar þegar þær liggja fyrir.

Virðingarfyllt

---

Rut Kristinsdóttir  
Sérfræðingur umhverfismála

## Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir

Skipulagsfulltrúi Múlaþings  
Lyngási 12,  
700 Egilsstaðir

Garðabær, 30. nóvember 2023  
Málsnúmer: 202310-0036  
IAS/SS

## Efni: Umsögn um rammahluta Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir ferðaþjónustu- og áfangastaðinn Stuðlagil í Jökuldal

Vísað er í tölvubréf frá Múlaþingi, dags. 20. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu um rammahluta Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir ferðaþjónustu- og áfangastaðinn Stuðlagil á Jökulsal.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsagnir um sama mál og eru athugasemdir og ábendingar úr þeim endurteknar hér.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu aðalskipulagbreytingarinnar kom fram að stofnunin hefur tilnefnt Stuðlagil og Stuðlafoss fyrir B-hluta náttúruminjaskrár vegna verndargildis þeirra jarðminja sem þar finnast. Mikill ferðamannastraumur er um svæðið sem getur ógnað verndargildi jarðminjanna og því sannarlega þörf fyrir innviðaupbyggingu til að stýra umferð gesta um svæðið, tryggja öryggi þeirra og hlífa viðkvæmum jarðminjum. Uppbygging innviða getur þó valdið rýrnun á verndargildi ef hún veldur óásættanlegu raski auk þess sem ásýndarbreyting er óhjákvæmileg á svæðinu. Í umsögn um skipulagslýsingu var bent á mikilvægi þess að fram færi þolmarkagreining á svæðinu með tilliti til áhrifa ferðaþjónustunnar og að hún tæki einnig til ásýndaráhrifa. Þar væru svæðin næst Stuðlagili annars vegar og Stuðlafossi hins vegar mikilvægust. Í umsögninni var einnig lagt til að skoða hvaða fuglalíf væri á svæðinu og m.a. bent á að vitað væri um fálkavarp þar.

Mikil vinna hefur farið í gerð rammahluta Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir Stuðlagil og því ber að hrósa. Umfjöllunin er í senn ítarleg og vönduð með miklu myndefni sem bæði sýnir núverandi ástand sem og lýsir áformum vel. Ljóst er að þörf fyrir inngrip er mikil enda álag af umferð ferðafólks töluvert. Farið hefur fram þolmarkagreining en þrátt fyrir sýnilegt álag er niðurstaða hennar að þolmörkum sé ekki enn náð hvað varðar fjölda gesta en að nauðsynlegt sé að grípa inn í og stýra umferðinni betur og auka upplýsingagjöf til að tryggja öryggi og vernda náttúru svæðisins. Að því er stefnt í rammaskipulaginu og m.a. ítarleg umfjöllun um upplýsingagjöf á formi upplýsingaskilta og um viðamikla innviðaupbyggingu á formi göngustíga, útsýnispalla og þjónustusvæða.

Í umfjöllun um náttúru og vernd er gert vel grein fyrir álagi á gróður svæðisins og því ástandi sem hefur skapast báðum megin við ána. Uppbygging stíga og annarra innviða á að koma í veg fyrir áframhaldandi tjón á gróðri auk þess sem stefnt er að uppgræðslu til að endurheimta náttúruleg yfirbragð. Það er góð stefna að mati Náttúrufræðistofnunar. Viðmið vegna uppgræðslu eru skynsamleg. Viðhalda á skógrækt neðan við Grund og vill Náttúrufræðistofnun benda á að fylgjast þarf vel með sjálfsáningu skógræktartegunda, einkum ef um framandi tegundir er að ræða.



Stefnt er að mikilli uppbyggingu á svæðinu. Vegna ásóknar í svæðið er það skiljanlegt en óneitanlega mun verða mikil breyting á eðli og ásýnd svæðisins. Betur hefði mátt fjalla um í þolmarkagreiningu hvaða áhrif ásýndarbreytingarnar munu hafa á bæði verndargildi jarðminja og landslags sem og upplifunargildi fyrir gesti. Stefnt er að því að fjöldi útsýnispalla við Stuðlagil verði í heild níu og allir nema einn við gilbrúnina. Álíka margir pallar verða austan og vestan megin. Í dag er einungis einn útsýnispallur. Eðlilegt er að þeim þurfi að fjölga en Náttúrufræðistofnun veltir fyrir sér hvort þörf sé á svo mörgum til að stýra umferð, og hvaða áhrif mun það hafa á ásýnd svæðisins. Munu hönnunarforsendur tryggja að ásýndaráhrifin verði ekki til þess að verndar- eða upplifunargildi skerðist?

Uppbygging útsýnispalla og annarra innviða nálægt gilbrún má alls ekki valda tjóni á stuðlum eða öðrum jarðminjum. Huga hefði mátt betur að því í þolmarkagreiningunni að meta hvort jarðminjum gæti stafað einhver hætta vegna framkvæmda eða fjölda gesta. Bætt stýring umferðar ætti almennt að vera til bóta en allar aðgerðir þarf að meta með tilliti til áhrifa á verndargildi jarðminja svæðisins.

Stíga þarf varlega til jarðar við skipulag stíga í og við Eyvindarárgil og lagt er til að samráð sé haft við Náttúrufræðistofnun eða Náttúrustofu Austurlands varðandi fuglalíf svæðisins.

Uppbygging þjónustusvæðis í landi Klaustursels við Stuðlafoss er eðlileg í ljósi ásóknar í svæðið. Uppbyggingin er þó ansi stórfelld t.d. gert ráð fyrir mjög umfangsmiklu bílastæði sem og tjaldstæðu, en rask vegna uppbyggingarinnar takmarkast að mestu við tún og annað raskað gróðurlendi með lágt verndargildi. Ásýndaráhrif verða þó umtalsverð. Gert er ráð fyrir nýju efnistökusvæði (E174) skammt frá fyrirhuguðu uppbyggingarsvæði við Stuðlafoss. Nokkrar aðrar efnisnámur eru í nágrenninu og má velta því fyrir sér hvort þörf sé á enn einu með tilheyrandi raski og ásýndaráhrifum.

Ekki virðist ákvörðun liggja um hvort og hvernig eftirlit fari fram á svæðinu. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti landvarsla að vera á svæðinu til að tryggja að hægt sé að vakta ástand náttúrufars sem og öryggismál.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,  
jarðfræðingur



Múlaþing  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 9. nóvember 2023  
UST202310-269/B.S.  
10.04.02

### Efni: Aðalskipulag - Ferðaþjónustu og áfangastaður við Stuðlagil. Umsögn

Vísað er til erindis Múlaþings dags. 20. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi.

Hér er um mjög metnaðarfulla tillögu að ræða sem er rammaskipulag um uppbyggingu nokkurra aðila á svæðinu og er markmið skilgreint þannig í greinargerð: „Markmið þess er að setja fram stefnu um framtíðaruppbyggingu skipulagssvæðisins þannig að hægt verði að efla ferðamennsku samhliða annarri atvinnustarfsemi en um leið draga úr álagi á viðkvæm svæði, tryggja öryggi og ánægjulega upplifun gesta.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við lagningu vega og stíga sé farið eftir verklagi í greinargerðinni sem miðar að því að leiða vatn frá vegum og stígum til að forðast úrrennsli sem fljótt verður til lýta ef ekkert er að gert. Hér að neðan er ljósmynd af sambærilegri aðgerð sem að mati stofnunarinnar hefur heppnast vel.



einnig til fyrirmyndar.

Reynsla við lagningu línuvega á þessu svæði hefur staðfest að vatnsnúið efni eins og það sem er að finna í sethjöllum í Jökuldal hentar ekki óbrotið í vegi og þá einnig stíga. Þetta efni þjappast illa nema í því þykkari lögum og fínefni staldra stutt við ef vatn og vindur komast að efninu. Þetta hefur í för með sér að vegir og stígar verða ólögulegir og mjög áberandi sem ætti að forðast. Því ætti að mati Umhverfisstofnunar að brjóta efni fremur en að nota mölina óunna þótt slík vinnsla sé dýrari þá ætti kostnaður að skila sér í betri mannvirkjum og bættri ásýnd á svæðinu. Hér er um gríðarlega vandað rammaskipulag og ræða og til fyrirmyndar að gera slíkt skipulag fyrir eins fjölsótt svæði og Stuðlagil og nágrenni og vonandi verða framkvæmdir á svæðinu

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
**sérfræðingur**  
Axel Benediktsson,  
**sérfræðingur**

Múlaþing  
Lyngási 12  
700 Egilsstöðum

Sent með tölvupósti á: [skipulagsfulltrui@mulathing.is](mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is)

Reykjavík, 24. maí 2023

### Umsögn - Rammaskipulag fyrir Stuðlagil á Jökuldal - Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028.

Landvernd hefur kynnt sér fyrirbyggjandi rammaskipulag fyrir náttúruperluna og ferðamannastaðinn Stuðlagil á Jökuldal.

Landvernd fagnar því mjög að sjá svo metnaðarfullt rammaskipulag lagt fram vegna þessa eftirsóttta ferðamannastaðar. Um leið og leitast er við að tryggja sem best öryggi gesta innan alls svæðisins er rammaskipulagið í meginatriðum stjórnþæki til umferðarstjórnunar með það að markmiði að koma í veg fyrir náttúruskemmdir á viðkvæmstu svæðunum. Mikilvægt er að ná heildstætt á faglegan hátt utan um svæði sem hafa slíkar náttúruperlur geyma, ekki aðeins aðal perluna Stuðlagil heldur og Stuðlafoss og fl. svæði innan marka og því er sérstaklega ánægjulegt þegar landeigendur allir sem í hlut eiga hafa komist að svo góðu samkomulagi sem rammaskipulagið er um samræmda framtíðarsýn fyrir allt svæðið.

Mikilvægt er að öll uppbygging verði gerð í sátt við umhverfið og náttúruperluna sjálfa Stuðlagil þannig að gestir geti notið þessa náttúrufyrirbæris með lágmarksinnngripi á svæðinu þó óhjákvæmilegt sé að mæta uppbyggingu með talsverðum framkvæmdum og mannvirkjum ekki síst til að tryggja öryggi.

Þá skiptir vissulega mjög miklu að allt nánasta umhverfi Stuðlagils og þessa rammaskipulags er að mestu umleikið lítt eða ósnortnum heiðalendum sem er órjúfanlegur hluti þeirrar upplifunar sem gestir njóta við aðkomu að Stuðlagili.

Því er mjög mikilvægt þegar ráðist er í jafn kostnaðarsamar framkvæmdir og hér um ræðir við Stuðlagil að upplifun gesta verði ekki rýrð með annarskonar uppbyggingaráformum sem ganga beinlínis gegn markmiðum rammaskipulagsins sem búið er að leggja mikla vinnu í.

Í því sambandi verður að nefna áform um stærsta vindorkuver sem lagt hefur verið til hér á Íslandi einmitt í jaðri þessa svæðis sem að rammaskipulagið nær til. Ljóst er að bygging vindorkuvers á svæðinu myndi setja rammaskipulagið allt í fullkomið uppnám þar sem upplifun gesta yrði með allt öðrum og neikvæðum hætti þar sem áformað risa vindorkuver, svonefnd Klausturselsvirkjun myndi tróna yfir Stuðlagili og allri aðkomu að svæðinu og innan þess. Það eru því eindregin og vinsamleg ósk Landverndar að sveitarfélagið Múlaþing veiti ekki slíku verkefni brautargengi sem myndi ógna öllum þeim metnaðarfullu markmiðum sem rammaskipulagið hefur að geyma. Landvernd bendir á umsögn sína um matsáætlun Klausturselsvirkjunar<sup>1</sup>.

Með vinsemd og virðingu  
Auður Önnu Magnúsdóttir  
Framkvæmdastjóri Landverndar

<sup>1</sup> [Klausturselsvirkjun - Landvernd](#)

## **Athugasemdir við Rammahluta Aðalskipulags Fljótshálsa 2008-2028**

Gerðar eru athugasemdir í sex liðum við Rammahluta Aðalskipulags Fljótshálsa 2008-2028, tillaga dagsett 25. ágúst 2023. Vísað er til bókunar Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings þann 16.10.23 (fundur númer 97) og bókunar sveitarstjórnar Múlaþings þann 18.10.23 (fundur númer 40).

Gerð er alvarleg athugasemd við þá kostnaðarsömu innviða uppbyggingu sem sveitarfélagið er að þvinga landeigendur í. Það er alveg ljóst að hægt sé að uppfylla allar öryggiskröfur, stuðla að góðu aðgengi og gera góðar útfærslur að mannvirkjum með hagkvæmari hætti. Til dæmis er ljóst að bogadregnar tröppur, bogadregnar brýr og bogadregin handrið með upphækkun eru afar kostnaðarsamar framkvæmdir.

Gerð er athugasemd við hversu ítarleg, óljós og óaðgengileg greinagerð Rammahluta Aðalskipulags Fljótshálsa 2008-2028 er. Þá gefur greinargerðin tilefni til mistúlkunar og ljóst er að nú þegar hafa þátttakendur mismunandi skilning á því hvað eru viðmið, leiðbeiningar og hvað eru skipulagsákvæði. Einnig er bent á að í skipulagslögum nr. 123/2010 er skilgreining á rammahluta aðalskipulags og þar kemur fram:

„Rammahluti aðalskipulags: Sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru ákveðin afmörkuð svæði sveitarfélagsins með það að markmiði að ákvarða nánar landnotkun, svo sem um meginþætti þjónustukerfa og að afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipulagsáætlana.“

Er því ljóst að efni Rammahluta Aðalskipulags Fljótshálsa 2008-2028 fer langt út fyrir skilgreiningu laganna.

Gerð er athugasemd hversu lítið samráð var hafð við undirritaðan við gerð Rammahluta Aðalskipulags Fljótshálsa 2008-2028 þar sem til stendur viðamikil innviðauppbygging í landi Klaustursels. Sveitarfélagið, Austurbrú og ráðgjafi hefðu átt að leggja meiri áherslu á samtal og samráð eins og lofa var í upphafi verkefnisins. Frá því að frumdrög voru kynnt hefur vinna

sveitarfélagsins og ráðgjafa þess verið stjórnað með Top-down ákvarðanatöku. Þar af leiðandi hefur undirritaður þurft að eyða miklum tíma og fjármunum í því að koma sínum sjónarmiðum á framfæri með skriflegum athugasemdum, sem hægt hefði verið að leysa í góðu með samtali og samráði.

Einnig er talið að hlutdrægni hafi átt sér stað, eftir því hvaða landeigandi hafi átt í hlut.

Gerð er athugasemd við þá ákvörðun sveitarfélagsins að hamla uppbyggingu gönguleiðar við norðurenda að Eyju. Í Öryggiúttekt við Stuðlagil 1 kemur fram „Leið niður að gilbotni við nyrðri enda

Eyju. Aðkoma og aðgengi ábótavant 7-8 m hár brattur flái með steinum og hnullungum og niðurtroðnum gróðri. Hafa myndast stór og óregluleg þrep. Hálf í bleytu.“. Jafnframt kemur fram að

hætta: „Fallhætta, minniháttar slys á fólki“. Þá kemur fram í fyrirbyggjandi aðgerðum og

vinnureglum: „Ef leyfa á umferð fólks um gilbotninn, gera tröppur þrep með handriðum niður

fláann.“ Það er vilji undirritaða að fara í uppbyggingar gönguleiðar niður að norðurenda eyju með

það að leiðarljósi að bæta aðgengi og stuðla að öryggi gesta líkt og fyrirbyggjandi aðgerðir

Öryggisúttekt við Stuðlagil leggur til. Einnig er ljóst að töluverður fjöldi gesta leggur leið sína niður

meðfram Eyju, myndi þessi aðgerð stuðla að bættu aðgengi og vera hagkvæmari kostur en sá sem sveitarfélagið leggur til (þ.e. bogadregnar tröppur úr ryðfríu stáli við suður enda Eyjunnar).

Gerð er athugasemd við að fyrirhugaður þjónustustígur frá bílastæði við Stuðlafoss og alla

leiðina að Stuðlagili þ.e. efri leið, hafi ekki farið inn á skipulagið. Fyrirætlanir um þjónustustíg hafa

legið fyrir frá upphafi. Þjónustustígurinn er hugsaður fyrir akstur ökutækja/véla og til að tryggja

neyðarþjónustu s.s. aðgengi sjúkrabifreiða. Þjónustustígurinn verður einnig nýttur til

landbúnaðarstarfa, göngu, hjólríða og með möguleika á að bjóða upp á ferðir og/eða aðstoð

hreyfihamlaðra að Stuðlagili. Einnig þarf að vera hægt að koma hreinlætisvörum og að gera ráð fyrir

ferðum landvarðar að fyrirhuguðu aðstöðuhúsi við Eyvindará.

Gerð er athugasemd við að enn þá sé til staði texti um göngubrú yfir Jöklu. Afstaða

landeiganda við Klaustursel er skýr og hefur alltaf verið það. Einnig er vísað til þess, að hér sé um að

ræða brot á samningi sem ber heitið „ Samningur um þróun Stuðlagils sem áfangastaðar fyrir

ferðamenn“ sem eftirtaldir aðilar undirrituðu: Austurbrú, Múlaping, landeigendur við Klaustursel,

Grund, Hákonarstaða 1 og 3, Hákonarstaða 2 og 4 og Skjöldólfsstaðir. Þar sem fram kemur í fyrstu grein að mikilvægt sé að samstarfið og uppbyggingin muni ekki skerða tekjumöguleika landeigenda við Stuðlagil. Ásamt því að hafa ekki neikvæð áhrif á atvinnustarfsemi á svæðinu. Með tilkomu göngubrúar yfir Jöklu er talið afar líklegt að tekjumöguleikar landeiganda verði skertir þar sem flestir gestir velji einföldustu og styðstu leið sína að Stuðlagili.

Marteinn Óli Aðalsteinsson landeigandi Klaustursels